FW: Vegglistaverkið Sólarslóð/Sun Drive eftir Theresu Himmer

Til	:	Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá	:	Soffía Karlsdóttir - forstöðumaður menningarmála <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>
Heiti	:	FW: Vegglistaverkið Sólarslóð/Sun Drive eftir Theresu Himmer
Málsnúmer	:	2608128
Málsaðili	:	Kópavogsbær
Skráð dags	:	04.08.2026 13:54:07
Höfundur	:	Soffía Karlsdóttir - forstöðumaður menningarmála <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>
Viðhengi	:	66364114_10156364533237157_5125949468121759744_n.jpg F9E9342D-B2DD-4395-8FA7-6426FC9A04D2-IMG_2638.jpeg

Heil og sæl

Má ég biðja ykkur um að stofna mál um þessa fyrirspurn hér að neðan frá Margréti Tryggvadóttur nefndarmanni í menningar- og mannlífsnefnd.

Bestu kveðjur.

Soffía Karlsdóttir

Forstöðumaður menningarmála | Menningarmál

Skrifstofa umbóta ogþróunar | Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | 4410000

From: Margrét Tryggvadóttir **Sent:** þriðjudagur, 4. ágúst 2026 11:54**To:** Soffía Karlsdóttir - forstöðumaður menningarmála **Cc:** Elísabet Sveinsdóttir - bæjarfulltrúi ; Guðný Svandís Guðjónsdóttir ; sveinn.gislason@arionbanki.is; sigrunskafta@gmail.com; Asgeirjnsson4@gmail.com; Einar Jóhannes Guðnason ; hgjonasdottir@gmail.com; birgirario@gmail.com; tkmatth@simnet.is; thorhinriksson@gmail.com; Nína Berglind Sigurgeirsdóttir ; Jónas Már Torfason ; Eydís Inga Valsdóttir **Subject:** Vegglistaverkið Sólarslóð/Sun Drive eftir Theresu Himmer

Ágætu nefndarmenn,

Mér var mjög brugðið að sjá að búið væri að mála yfir verk Theresu Himmer, Sólarslóð, á Hálsatorgi nú í vor og óskaði eftir því að nefndin væri kölluð saman til að ræða það. Eins lagði ég fram spurningar í nefndinni í lok síðasta kjörtímabils en fékk ekki svör við þeim. Því legg ég þær fram aftur og óska eftir því að þeim verði svarað skriflega.

Ný nefnd mun auðvitað leggja sínar áherslur er hún tekur til starfa en fyrri nefnd (og ráð á undan henni)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

lögðu áherslu á að fjölga útilistaverkum í bænum en ekki fækka þeim. Henni ber þó alltaf að starfa eftir gildandi menningarstefnu bæjarins en þar segir meðal annars:

"Lista- og menningarráð leitast eftir samstarfi við umhverfissvið Kópavogsbæjar um að fjölga útilistaverkum og hönnun lýsingar í nýjum og eldri hverfum og að slík verkefni verði byggð á þverfaglegum grunni þar sem listræn sýn ræður för."

Stefnuna má lesa hér: https://menning.kopavogur.is/wp-content/uploads/2022/06/MEKO_menningarstefna_vef.pdf

Ef ég man rétt átti verkið aldrei að vera varanlegt en það hafði þó staðið í næstum sjö ár og var alls ekki illa farið - og það sem meira er hafði að mestu verið látið vera af öðrum veggjalistamönnum. Það hefur mér þótt aðdáunarvert. Ég á leið þarna um næstum daglega og hef því upplifað verkið við allar aðstæður og aldrei man ég eftir veggjakroti á því.

Mér finnst ömurlegt að skilaboð, sem ekki geta talist annað en pólitísk, enda umdeilanlegt hvort yfirstandandi niðurrif sé uppbyggilegt eða ekki, hafi verið máluð þarna nokkrum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ég get ekki litið öðru vísi á þetta en að listaverk sem bærinn hefur varðveitt síðustu ár hafi vikið fyrir kosningaauglýsingu meirihlutans á kostnað bæjarins.

Spurningar mínar eru eftirfarandi og ég óska eftir skriflegum svörum á fyrsta fundi okkar í lok mánaðarins:

- Hver átti frumkvæði að því að málað var yfir verkið?
- Hver veitti leyfi fyrir því að málað var yfir verkið?
- Hvers vegna var menningar- og mannlífsnefnd ekki upplýst um fyrirhugað skemmdarverk?
- Var haft samráð við Gerðarsafn sem hefur umsjón með útilistaverkum í bænum um gjörninginn áður en hafist var handa?
- Var haft samband við skapara Sólarslóðar Theresu Himmer vegna þessa?
- Stendur til að endurgera verkið eða koma öðru listaverki fyrir á veggnum í nánustu framtíð? Ef svo er hvernig er fyrirhugað að velja verkið.
- Stendur til að skemma eða eyða fleiri útilistaverkum í bænum?

Myndin hér fyrir neðan var tekin í vor:

Mynd af Sólarslóð af vef bæjarins má sjá hér:

Bestu kveðjur,Margrét Tryggvadóttir

sími/tel: (+354) 698 6494

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026